

**Ávarp rektors Háskóla Íslands, Jóns Atla Benediktsson, við opnun lokahófs
Nýsköpunarkeppni grunnskólanna 2025 (NKG 2025)**

Háskólatorgi, laugardaginn 24. maí kl. 14

Kæru nemendur, kennarar, foreldrar og góðir gestir.

Það hefur verið sannkölluð ánægja að fylgjast með lífi og fjöri í Háskóla Íslands síðustu daga. Hér hafa komið saman börn úr grunnskólum víðsvegar af landinu til að þróa og útfæra sínar eigin hugmyndir – og útkoman er ekkert minna en stórkostleg.

Nýsköpunarkeppni grunnskólanna er einstakur vettvangur þar sem börn fá að þróa hugmyndir byggðar á eigin forvitni, áhuga og styrkleikum. Með því að treysta þeim fyrir eigin skapandi ferli eflum við ekki aðeins sjálfstraust og frumkvæði þeirra, heldur styrkjum líka færniþætti sem eru lykilatriði í menntun framtíðarinnar – lausnamiðaða hugsun, ábyrgð og samfélagslega virkni.

Við hjá Háskóla Íslands erum stolt af því að hafa tekið að okkur framkvæmd keppninnar fyrir hönd mennta- og barnamálaráðuneytisins. Það er eðlilegt framhald af hlutverki okkar sem menntastofnunar allra skólastiga – og við teljum það lykilatriði að efla sköpunar- og rannsóknarhugsun frá unga aldri.

Ég vil þakka ykkur öllum – foreldrum, kennurum, leiðbeinendum og samstarfsaðilum – og óska keppendum innilega til hamingju með árangurinn og hvet ykkur til að halda áfram að þróa hugmyndir ykkar, hlúa að sköpunarkrafti ykkar og vera óhrædd við að prófa. Framtíðin þarf fólk eins og ykkur.

Til hamingju með árangurinn og njótið dagsins!